

Þriðjudaginn 8. júní 1976.

Nr. 117/1976. **Ákærvaldið**

gegn

Sigurbergi Kristjánssyni.

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Böðvar Bragason, bæjarfógeti í Neskaupstað, hefur gert hina kærðu dómssátt við varnaraðilja.

Saksóknari ríkisins hefur samkvæmt heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. þ. m., sem barst Hæstarétti sama dag, og krafist þess, að hin kærða dómssátt verði úr gildi felld.

Samkvæmt skýrslu Þorsteins Hraundals, lögreglumanns í Neskaupstað, stöðvaði hann akstur varnaraðilja í bifreiðinni N 38 föstudaginn 24. október 1975 á Hlíðargötu. Vegna áfengisþefs frá vitum varnaraðilja var hann færður á sjúkrahús, þar sem honum var tekið blóð til alkóhólákvörðunar. Reyndist magn alkóhóls í blóði hans 1.38‰.

Er lögreglumaðurinn kom fyrir dóm, kvað hann atburð þennan hafa átt sér stað klukkan 0050 aðfaranótt laugardagsins 25. október 1975, og er það í samræmi við framburð varnaraðilja. Kveðst hann fimmtudagskvöldið 23. október greint ár hafa unnið við viðgerð á bátavél í verkstæði við Hamarsbraut og neytt þá $\frac{1}{4}$ til $\frac{1}{3}$ hluta úr vodkaflösku, en farið heim til sín um miðnætti. Næsta dag, föstudaginn 24. október, kvaðst hann hafa drukkið nokkuð af Carlsberg-pilsner, sem fæst hér í búðum, og eitthvert áfengi eftir kvöldverð. Hann hafi síðan verið handtekinn.

Með ákæru 3. maí 1976 höfðaði ríkissaksóknari opinbert mál á hendur varnaraðilja fyrir að hafa aðfaranótt föstudagsins 24. október 1975 ekið greindri bifreið undir áhrifum

áfengis, en brot er heimfært undir 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Krafist er, að varnaraðili verði dæmdur til refsingar og til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Með bréfi sama dag var þess krafist, að dómari lyki rannsókn málsins og tæki það síðan til dómsálagningar samkvæmt greindri ákæru.

Hinn 25. maí 1976 gerði dómari aftur á móti hina kærðu dómssátt við varnaraðilja.

Ríkissaksóknari hafði krafist þess, að héraðsdómari kvæði upp dóm í máli varnaraðilja, og var því óheimilt að hafa annan hátt á málalokum, sbr. 115. gr. laga nr. 74/1974. Samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 8. gr. umferðarlaga varðar brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. laga þessara varðhaldi eða fangelsi. Var héraðsdómara því einnig samkvæmt skýlausum ákvæðum 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 heimildarlaust að ljúka málinu með sátt. Að svo vöxnu máli ber samkvæmt 6. mgr. 112. gr. síðastnefndra laga að fella dómssátt þessa úr gildi.

D ó m s o r ð :

Hin kærða dómssátt er úr gildi felld.

Dómssátt sakadóms Neskaupstaðar 25. maí 1976.

Ég undirritaður, Sigurbergur Kristjánsson rafvirki, Blómsturvöllum 1 A, Neskaupstað, sem brotlegur er við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, samþykki þau málalok að greiða kr. 12.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 2 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 14 daga, enn fremur að greiða allan kostnað sakarinnar svo og að sæta sviptingu ökuréttinda í 4 mánuði frá 15. janúar 1976, en þann dag var ég sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, sbr. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.
